



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

12. árgangur 5.tbl.

Maí 2015

Sumartónleikar Sunnudaginn 17. maí kl. 16.00 í Selfosskirkju



Nú ætlar þríeykið Ásgeir Páll, Egill Árni og Þóra Gylfa að syngja inn sumarið og Bjarni Jónatansson leikur með af sinni alkunnu snilld.



Á efniskránni verða t.d margar af helstu perlum
óperubókmenntanna, ariur og dúettar.

Hlökkum til að sjá ykkur !!

Aðgangseyrir 2.000 kr (ath! enginn posi á staðnum)



Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00

486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - Starfsmenn þar:

Ari Einarsson 893-4426 Jóhannes Eggertsson 864-6904

ari@skeidgnup.is - joi@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf er 5. júní. 2015.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

**Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps
Bókahúsinu, Brautarholti.**



Opið öll fimmtudagskvöld kl. 20:00—22:00

Já, það er ennþá tími til að kíkja í bók ☺

S: 486-5505 - www.bokasafn.is

Netfang: bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>

Alltaf hægt að skila um lúguna!



Heilsugæslan Laugarási sími 480-5300

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga kl. 9-9: 30 og 13 –13: 30

Vaktsími 480-5112 Neyðarsími 112

Apótekið opið mánud. -föstud. 09:00 - 17:00

Hundafangari sveitarfélagsins:

Ragnar Sigurjónsson sími: 859-9559.



Landnámshelgin 19. - 21. júní 2015!



Nú stýttist óðum í Landnámshelgina okkar. Tónlist og söngskemmtun verður bæði föstudags- og laugardagskvöld á sundlaugarbakkanum. Víkingar kíkja á okkur á laugardeginum, Vala Garðarsdóttir verður með erindi, Kvenfélag Gnúpverja með kompu-sölu, Miðaldamarkaður, Brokk og skokk verður á sunnudeginum, Leikhópurinn Lotta kíkir til okkar, Rósa og Gunnar í Árnesi verða með víkingaplatta og síðan verður frítt í sund alla helgina! Okkur vantar fleiri á miðaldamarkaðinn. **Miðaldamarkaður** er skipti-markaður á alls kyns þjónustu og varningi. Hugmyndin er að hægt sé að skipta einhverju fyrir annað, t.d. tvö egg fyrir það að flétta hár eða eggjabakki fyrir beikonbréf. Einnig er hægt að vera með vöru sína, handverk eða annað í þeim dúrnum þar sem möguleiki er á skiptum en einnig viljum við gera aðilum kleift að selja vöru í einhverjum mæli. Þeir sem hafa áhuga á að vera með pláss á þessum markaði endilega senda okkur póst á mennogaesk@skeidgnup.is eða hringja í síma 869-4086 (Hildur Lilja). Hlökkum til að heyra í ykkur.

Brokk og Skokk verður haldið í þriðja sinn

Sunnudaginn 21. júní í

Skaftholtsréttum!

Endilega takið daginn frá!

Fleiri upplýsingar, myndir og myndbönd á Facebooksíðu Brokk og Skokk

<https://www.facebook.com/groups/567062360068945/?fref=ts>

Nefndin.



Opnunartími gámasvæða í vetur!

Árnes: þriðjudaga kl. 14:00 - 16:00
laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Brautarholt: miðvikud. kl. 14:00 - 16:00
laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Dýragámurinn er nú á nýja gámasvæðinu í Árnesi v/Suðurbraut. Dýragámur í Brautarholti opið allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** eru tveir og eru staðsettir á gámasvæðinu í Brautarholti og hjá Áhaldahúsinu við Árnes.

Jón F. Sigurdsson í Réttarholti hefur umsjón með gámasvæðunum gsm. 893-7016 eða 462-5301.

Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa!

Hægt er að koma frá sér, að degi til, garðaúrgangi og afklippum trjáa á ákveðnu svæði í Skaftholti hér í sveit alla daga vikunnar.

(Til vinstri á heimreið framan vert við gróðurhús.)

Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á þessu svæði.

Sveitarstjóri.

Kæru íbúar og aðrir!

Að gefnu tilefni bið ég þá sem ætla að koma með úrgang á gámasvæðin að sjá til þess að búið sé að flokka hann áður en lagt er af stað svo ekki myndist biðröð við gámana.

Það er óþægilegt fyrir aðra að þurfa að bíða eftir því að verið sé að flokka þegar komið er á svæðið, það er svo miklu auðveldara að gera það heima við.

Kær kveðja. Jón gsm. 893-7016

Afmælisveisla 16. maí í Brautarholti!

Við félagarnir, Ólafur Hafliðason og Björgvin Þór Harðarson urðum fertugir þann 10. maí og ætlum í tilefni þess að taka okkur saman um að halda upp á það **laugardaginn 16. maí** í félagsheimilinu í **Brautarholti klukkan 20:00** og vera þar með matarveitingar.



Við vitum ekki betur en að við séum komnir með alveg eðal veislustjóra (frekar tvo en einn !)

Allir velkomnir að gleðjast með okkur á þessum degi.

Kær kveðja Óli og Björgvin.

Vinnuskólinn 2015

Nemendum sem fæddir eru 2000 og 2001 gefst kostur á að starfa í Vinnuskóla sveitarfélagsins í sumar.

Vinnuskólinn byrjar 8. júní og stendur í 8 vikur eða til 31. júlí og unnið verður fjóra daga í viku, mánud.—fimmtud.

Kl. 08:00 - 14:00. Nemendur með lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi geta nýtt sér þennan skóla. Skyld er þó að taka fri eina viku á tímabilinu.

Hámarksfjöldi vinnufólks í einu er átta og ef fjöldinn veður meiri verður starfstíminn skipulagður með það í huga. Í ágúst gefst þeim kostur sem hafa áhuga á að vera aðeins lengur eftir þörfum og samkomulagi. Heitur matur er framreiddur í hádeginu en koma þarf með nesti í kaffitíma fyrir hádegis.

Nú fer hver að verða síðastur að skrá sig því umsóknarfrestur er til 15. maí og skráning fer fram á skrifstofunni í síma 486-6100.

Sveitarstjóri.

Frá Ungmennafélagi Gnúpverja



Aðalfundur félagsins var haldinn 22. mars s.l.. Engin breyting varð á stjórn félagsins. Einar Gestsson formaður, Ingvar Bráðarson gjaldkeri og Helga Kolbeinsdóttir ritari.

Breyting varð á formennsku í leikdeild ungmennafélagsins, Eypór Brynjólfsson lét af störfum sem formaður og í hans stað var kjörin Sigprúður Jónsdóttir, Eystra-Geldingaholti.

Marínó Fannar Garðarsson var útnefndur íþróttamaður ársins 2014: Fæddur 1979 frá Minni-Mástungu. Keppir hann alltaf undir nafni Ungmennafélags Gnúpverja, stoltur! Marínó er mikill hlaupari og frábær fyrirmynd þegar kemur að hreyfingu og afrekum. Marínó nýtir frítíma sinn í maraþonhlaup í hvert skipti sem hann er ekki á sjó og tók þátt í flestum hlaupum sem hann komst í árið 2014. Hann var fyrirliði UMFG síðastliðið sumar á Héraðsmótinu og smalaði saman góðum hópi sem urðu Héraðsmeistarar í frjálsum íþróttum. Marínó keppti í öllum greinum sem í boði voru, dró alla Gnúpverja sem tiltækir voru til að taka þátt á mótinu og fékk alla liðsmenn til að keppa í greinum. Hann var góður leiðtogi með ungmennafélagsandann að leiðarljósi. Hann tók þátt í mörgum hlaupum í sumar milli strangra æfinga og hér eru nokkur þeirra en eitt hlaupið bjó hann til sjálfur sem allir Gnúpverjar eru hvattir til að taka þátt í á næsta ári sem heitir „**Flúði heim**“ en þá er hlaupið frá Flúðum og heim í Gnúpverjahrepp yfir fjöll og ár á leiðinni.

12. apríl 10km Flóahlaupið


31. maí 25km Grafningshlaupið

16. júní Flúði heim (vegalengd — löng)

12 júlí 55 km Laugarvegur

26 júlí 50 Mile Hengill ultra

Hér er það Jón Marteinn t.v. bróðir Marínós Fannars sem tekur við viðurkenningum fyrir hönd bróður síns sem íþróttamaður ársins 2014 hjá UMF Gnúpverja. Með honum á myndinni er Þorsteinn



Marínó Fannar Garðarsson

Hauksson en hann mun sjá um fótboltaæfingarnar á vegum UMFG í sumar.

Bryndís Eva Óskarsdóttir í Háholti mun verða með frjálsíþróttæfingar í sumar á vellinum í Árnesi. Ætlum að bjóða upp á æfingar 2x í viku fram í miðjan júní eða fram

að héraðsleikum og aldursflokkamóti HSK í Þorlákshöfn sem verður laugardaginn 13. júní. Svo verða æfingar 1x í viku eftir það.

Þorsteinn Hauksson Stóru-Mástungu verður með fótboltaæfingar í sumar.

Sumaræfingar verða auglýstar þegar nær dregur.



Meistaramót Íslands í frjálsum 11-14 ára á Selfossvelli dagana 27.-28. júní 2014

Meistaramót Íslands 11-14 ára verður haldið á Selfossvelli dagana 27.-28. júní 2015. Frjálsíþróttaráð HSK mun sjá um framkvæmd mótsins og nú þegar hefur tekið til starfa sérstök Meistaramótsnefnd sem sér um skipulagningu í aðdraganda mótsins. Auk þess að sjá um frjálsíþróttakeppnina mun ráðið selja gistingu með morgunmat í Vallaskóla á meðan á mótinu stendur og boðið verður upp á kvöldverð og kvöldvöku á laugardagskvöldinu, allt á hóflegu verði. Allt þetta krefst þess að margir sjálfboðaliðar séu fúsir til þess að gefa vinnu sína á meðan á mótinu stendur. Ákveðið hefur verið að líkt og á unglingalandsmótinu og landsmótinu muni 80% þess hagnaðar sem verður af mótinu renna til félaganna sem útvega sjálfboðaliða. Hluti hvers félags mun reiknast eftir unnum klukkustundum í nafni félagsins. Þau 20% sem eftir standa af hagnaði mótsins munu svo renna til frjálsíþróttaráðs. Það er því til mikils að vinna fyrir félögin og um að gera að nýta mótið til fjáröflunar.

Við óskum eftir fólki til að vinna við þetta mót fyrir hönd UMFG, hver einstaklingur þarf ekki að vinna alla helgina heldur er hægt að skrá sig á annan hvorn daginn eða jafnvel dagspart. Það eru ýmis störf í boði, hvort sem er við íþróttakeppnina eða í tengslum við matinn og gistinguna. Vinsamlegast hafið samband við Helgu Kolbeinsdóttur í Tröð **helga@uppsveitir.is** - **8939565** fyrir 20. maí ef áhugi er að leggja þessu lið og fá frekari upplýsingar um vinnutilhögun.

f.h.stjórnar.

Helga Kolbeinsdóttir

Laugardaginn 30. maí verður viðburðurinn Borg í sveit – alvöru sveitadagur í Grímsnes- og Grafningshreppi haldinn í fyrsta skipti. Þann dag munu fyrirtæki, bændur og einstaklingar í sveitarfélaginu taka höndum saman, hafa opið hjá sér og bjóða gesti og gangandi velkomna í heimsókn.



Dagskrá verður auglýst síðar.

Við hlökkum til að taka á móti ykkur.

Kveðja. Íbúar og fyrirtæki í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Frá Hrunaprestakalli



Gleðilegt sumar kæru sveitungar!

Þótt sumarið hafi aðeins látið standa á sér þá létum við það ekki aftra okkur og blésum til fjölskylduguðsþjónustu í Ólafsvallakirkju á sumardaginn fyrsta til að fagna sumarkomu. Börn úr Þjorsárskóla sungu vor- og gleðisöngva svo undir tók í kirkjunni. Stjórnandi var Helga Kolbeinsdóttir og undirleikari Magnea Gunnarsdóttir. Kirkjan var þétt setin og tóku viðstaddir vel undir í sálmasöng og sunnudagaskólaöngum. Góð byrjun á sumri.

Af starfi kirkjukóranna

Starf kirkjukóranna í prestakallinu hefur verið kröftugt sem fyrr. Kirkjukór Stóra-Núps- og Ólafsvallasókna ákvað í haust að ráðast í það stórvirki að gefa út á hljómdisk nokkra af þekktustu sálum sr. Valdimars Briem. Undirbúningur hefur staðið yfir í allan vetur undir forystu Þorbjargar Jóhannsdóttur organista og upptökur fóru síðan fram í Skálholtsdómkirkju nú um miðjan apríl. Ef allt gengur að óskum verður hljómdiskurinn kominn í dreifingu með haustinu en þá er ætlunin að fylgja útgáfunni eftir með tónleikum. Sr. Valdimar er sem kunnugt er eitt afkasta trúarskáld okkar og margar eru perlurnar úr sálmasjóði hans. Á meðal þekktara sálma sem verða á hljómdisknum má nefna „Ég horfi yfir hafið“, „Í dag er glatt í döprum hjörtum“, „Nú árið er liðið í aldanna skaut“ og „Þú Guð sem stýrir stjarnaher“. Einstaklega vel fer á því að kirkjukórinn úr sveitinni sem sr. Valdimar þjónaði nánast allan sinn starfsaldur, og var honum alla tíð svo kær, skuli hafa ráðist í þetta verkefni. Kirkjukór Hruna- og Hrepphólasókna fór í sína árlegu vorferð nú í apríl og fór þá í heimsókn til sr. Eiríks og Helgu í Háteigs-kirkju. Tóku þau hjónin vel á móti kórfélögum, eins og vænta mátti, og launaði kórinn móttökurnar með söng í kirkjunni á eftir. En á meðal helstu viðburðanna í starfi kórsins á þessum vetri, fyrir utan hefðbundið helgihald, má nefna hina árlegu vetrarsólstöðutónleika í Hrunakirkju sem ævinlega eru vel sóttir og líta má á sem ómissandi hluta af lokaundirbúningi jólanna í hugum margra. Stjórnandi kórsins er sem fyrr Stefán Þorleifsson.

Fermingar og „1865-messa“

Framundan er ferming í Hrunakirkju og í Stóra-Núpskirkju um hvítasunnun. Alls eru þrettán fermingarbörn í prestakallinu þetta árið en fyrsta fermingin á þessu vori var í Ólafsvallakirkju á annan í páskum. Þá er einnig hátíðarmessa í vændum sunnudaginn 7. júní kl. 14, svokölluð „1865-messa“, sem er liður í 150 ára afmælisdagskrá Hrunakirkju. Sr. Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup messar ásamt sóknarpresti en stuðst verður við messuformið sem í gildi var þegar kirkjan var vígð árið 1865 og þá mun kirkjukórinn syngja sálma þess tíma einnig.

Fólk er hvatt til að mæta til messunnar í þjóðlegum klæðum (t.d. íslenskum þjóðbúningi) og einnig væri ánægjulegt ef einhverjir kæmu ríðandi til messu. Allt er það hugsað til að fanga stemningu liðinna tíma. Boðið verður upp á léttar kaffiveitingar í safnaðarheimili kirkjunnar á eftir.



Aðalsafnaðarfundir og starfið í sumar

Aðalsafnaðarfundir í sóknunum fjórum í okkar prestakalli fóru fram nú í apríl og maí og má lesa um þá á heimasíðu kirkjunnar hruni.is. Einnig má þar finna upplýsingar um þau sem sitja í sóknarnefndum svo og um helgihaldið í kirkjunum okkar.

Hér eru að lokum helstu viðburðirnir framundan:

24. maí – hvítasunnudagur: Ferming í Hrunakirkju kl. 13:30.

25. maí – annar í hvítasunnu: Ferming í Stóra-Núpskirkju kl. 11:00.

7. júní: 1865-messa í Hrunakirkju kl. 14 í tilefni af 150 ára afmæli kirkjunnar.

Kvöldmessa í Ólafsvallakirkju kl. 20:30.

17. júní: Helgistundir í tengslum við hátíðahöld í sveitarfélögunum tveimur.

21. júní: Guðsþjónusta í Steinsholtskirkjugarði kl. 10:30. n

Kvöldmessa í Hrepphóla kirkju kl. 20:30.

Með sumarkveðju og blessunaróskum.

Óskar Hafsteinn Óskarsson

S. 856-1572 og netfang:
oskar@hruni.is

IÐNAÐARHÚSNÆÐI

Búnaðarfélag Gnúpverja fyrirhugar byggingu iðnaðarhúsnæðis á athafnasvæði sveitarfélagsins við Suðurbraut í Árneshverfi. Um er að ræða stálgrindarhús á steiptum sökkklum klætt með samlokueiningum. Hvert sperrubil í húsinu er um 80 m² að gólfleti og vegg hæð er ríflega 4m.



Áhugasömum er boðið til kaups eitt eða fleiri bil í húsnæðinu. Nánari upplýsingar veita Arnór arnorhans@gmail.com s. 891 7389 eða Sigurður susq@hi.is s. 899 9689.



Kvinnahlaup 2015

„Konur eru konum bestar“

Hið árlega Kvinnahlaup ÍSÍ fer fram **13. júní nk.**
að Árnesi kl 13.30 eh.

Hægt er að láta skrá sig á staðnum frá kl. **11.30**

Boðið er uppá 3 vegalengdir, **2 km, 3 km, og 4,5 km.** Þú ræður hraðanum sjálf, þú ferð á þeim hraða sem þér hentar best, gengur, skokkar eða hleypur.

Hægt er að skrá sig hjá Dúddu í sínum 861-0015 og 486-6025,

það eru allar konur velkomnar, það er ekkert aldurstakmark!

Hressing er að hlaupi loknu. **Frítt í sund fyrir þátttakendur**

Ég vil minna konur á að til að tryggja sér bol er best að láta skrá sig fyrirfram.

Hittumst hressar og kátar
Dúdda.

Frá göngunefnd Kvenfélags Gnúpverja!

Áfram höldum við í bæjarröltinu. **6. júní** göngum við frá Fossnesi að Laxárdal bakdyramegin. Mæting í Fossnesi kl. 10 f.h.

Áætlaður göngutími er c.a. 3 tímar með góðu stoppi. Vaðið yfir

Tungná. Svo er það **4 júlí**, en þá göngum við

Laxárdalur - Hlíðarkista-Steinsholt kl. 10 f.h.

Allir velkomnir.
Göngunefndin



Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Hestafræðsla Sólheima!

Síðan í febrúar hafa tveir hópar frá Sólheimum farið á mánudögum að Vorsabæ til Stebbu og Bubba og fengið þar afnot af glæsilegri aðstöðu þeirra sem veitir öruggt umhverfi. Meike Witt, sem hefur lengi verið mikill áhugamaður um hestamennsku fyrir fatlaða, hefur tekið að sér að vera leiðbeinandi í þessu verkefni. Boðið er upp á bóklegar og verklegar æfingar.



Þessi fræðsla er mjög einstaklingsmiðuð og farið er á hestbak samkvæmt getu einstaklingsins. Fræðslan snýr að hirðingu hesta og öruggri umgengni við hestana. Það hefur lengi verið draumur Sólheima að bjóða upp á hestafræðslu og gefa Sólheimafólki tækifæri til að komast í snertingu við þessi yndislegu dýr.

Allir þeir sem hafa kynnst hestamennsku vita hvað nærveran við hesta gefur mikla gleði, ánægju og slökun! Að finna lyktina og hlýjuna af hestinum og að snerta mjúka feldinn er mikill gleðigjafi og að læra að stjórna svo stórrí (400 kg!) skepnu er mikil áskorun og upplýfting þegar vel tekst til.

Við þökkum Stebbu og Bubba í Vorsabæ fyrir ómetanlegan stuðning og vonum að Hestamannafélagið Smári taki vel í það að stofna með hinum félögum á svæðinu sérdeild fyrir fólk með fötlun!

Bestu kveðjur,

Lóa, Rúnar, Gísli, Tinna Björk, Kamma, Kiddi, Siggí og Pálmi og Meike .





Smárafréttir

MAÍ 2015



Firmakeppni Smára 2015 var haldin hátíðlega 1. Maí á Flúðum. Frábært veður var til mótahalds og voru skráningar á mótið ríflega 60 talsins. Haldið var upp á 70 ára afmæli Smára sem var 1 mars síðastliðinn eftir firmakeppnina. Félagið bauð upp á kaffi og veitingar og hátíðardagskrá var í reiðhöllinni þar sem börn og unglingar félagsins fóru með aðalhlutverk í glæsilegum atriðum.

Stjórn Smára vill þakka öllum þeim sem tóku þátt í að gera þennan dag eins frábæran og ógleymanlegan og hann var. Sveitafélögunum okkar, Skeiða og Gnúpverjahrepp og Hrunamannahrepp og einnig nágrannafélögum og samstarfsaðilum í hestamannafélögunum Loga og Trausta þökkum við kærlega veittan hlýhug og gjafirnar. Þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem styrktu firmakeppnina er þakkað sérstaklega fyrir sitt framlag sem og þáttakendum, áhorfendum og öllum þeim sem lögðu leið sína á Flúðir 1 maí.





Styrktaraðilar firmakeppni Smára 2015



Akrílmálun ehf, Auðsholtsbúið ehf, Ásólfssstaðir, Fákshólar, Baldvin og Þorvaldur ehf, Bílar og Lömb, Grafarbakka Bjarni og Bryndís Háholti, Bjarni og Lára Blesastöðum 2A Blesastaðir 1A, Bolette Hæli, Bólfélagar Ásatúni, Flúðafiskur Brigitte Brugger, Búgarðurinn Brúnum, Búið og Gert, Dalbær, Búnaðarfélag Hrunamanna, Búnaðarfélag Skeiðahrepps, Bökun Auðsholti, Efra Langholt, Eiríkur og Unnur Lís Vorsabæ Ferðabjónustan Steinsholti, Félagsheimilið Flúðum, Fjallaraf Flúðaleið, Flúðasveppir, Flúðaverktakar, Fótboltagolfið Markavelli Fólaldafóðrunin Hrafnkelsstöðum, Garðyrkjustöðin Melum Kaffi Grund, Glæsineglur Kristínar, Grænagerði ehf, Gröfutækni Halla og Bikki Hæli, Harri Hamar, feti framar, Haukholt 1, Jörfi Hestaleigan Syðra Langholti, Hlemmiskeið 2 ehf, Hlíðarbúið Hófadynur ehf, Hótel Flúðir, Hrafnhildur og Oddur Stöðulfelli Hraunteigur ehf, Hrossaræktarbúið Hlemmiskeiði 3, Hrepphólabúið Hrossaræktarbúið Kálfhóli 2, Hrossaræktarbúið Vorsabæ 2 Hrossaræktarbúið Miðfelli 5, Hrossaræktarbúið Skollagróf Hrossarækarfélag Hrunamanna, Hrosshagi Hestamiðstöð Hrunamannahreppur, Hugur og List, Hulda og Dóri Hrepphólum Hæll ehf, Hænsnahöllin Húsatóftum, Ingvar og Svala Fjalli Íþróttahúsið Flúðum, Jón Hermannsson, Jörðin Jaðar ehf Jón og Þorgeir Efri Brúnavöllum, Jón og Helga Skeiðháholti Kaffi Mika, Kaffi Sel, kílhraun.is Kjöt frá Koti, Korn Grís Laxárdal Kurlproject Iceland, Kúabúið Haga, Kúabúið Kotlaugum, Reykir Landstólpi ehf, Kúabúið Stóru Mástungu, Land og Hestar Magga og Palli Núpstúni, Magnús Víðir Guðmundsson, Ólafsvellir Margrét Steinþórsdóttir Háholti, Meike og Ralf Glóruhlíð Miðfellshestar, Adda og Einar Logi, Norðurgarður ehf, Ósabakkabúið Pizzavagninn, Rabarbía Löngumýri, Rabbarbaraflokkurinn S.R.Grænmeti, Sauðakofinn Fossnesi, Sigurður Ingi Jóhannsson Sigfús og Rosemarie Vestra Geldingaholti, Sigurður Kárasen Öxl Skarðsbúið, Skeiða og Gnúpverjahreppur, Skeiðháholt 3 ehf Skipholt 3, Skjól, Smári Vignisson, Stefán Hrepphólum, Strá ehf Steinker ehf, Stína Kokkur, Styrmir og Kristín Erla Sauðfjárnabúið Syðra Langholti, Svína og fjárnabúið Haga 2 Syðra Langholt Gistiheimili, Tamningarstöðin Efri Brúnavöllum Tamningarstöðin Langholtskoti, Tolt.nu hnakkar og reiðtygi Toyota Selfossi, Tómas Þórir Jónsson, Tré og Straumur ehf Túnsbergsbúið, Verslunin Árborg, Vesturkot Vélaverkstæði Einars, Viola, snyrtistofa Flúðum, Vörðufell ehf Þrándarholtsbúið, Þverspyrna

Úrslit og myndir má finna á facebook og www.smari.is

Gjaldskrá Búnaðarfélags Gnúpverja 2015

Öll tæki félagsins eru eins og áður í umsjón Einars í Heiðarbrún.

Sími: 848-1619

Gjaldskrá 2015 gildir einnig fyrir félagsmenn í Búnaðarfélagi Skeiðamanna.

Staurabor	1.000,- pr. klst.
Haugsuga 11,5 T	14.000 kr pr. dag
Haugsuga 13,5 T (Ný fyrir sumarið)	16.000 kr pr. dag
Skádæla	9.000 kr pr. dag
Brunndæla	9.000 kr, pr. dag
Rafmagns flórhæra	8.000 kr pr. dag
Pinnatætari	3.500 kr/klst,
Hnífatætari	3.500 kr/klst,
Flaghefill	2.000 kr/klst. Lágmarksgjald 3.000 kr.
Flag- og túnvaltari 6,3 m, með jöfnunarborði	4.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.000 kr/klst.
Plógur, fjórskeri, fjölstillanlegur	2.500 kr/klst. Lágmarksgjald 5.000 kr.
Fjaðraherfi	2.500 kr/klst. Lágmarksgjald 5.000 kr.
Steypuvél (Ný í fyrri)	100 kr/poka, startgjald 3.000 kr.
Flatvagn 12t (rúlluvagn)	7.000 kr/dag.
Tveggjahesta kerra	5.000 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarfélaga Gnúpverja og Skeiða, annars 6.500 kr/dag
Fjölnotakerra (Ný 2013) (tveimur fetum lengri en sú gamla)	6.000 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarfélaga Gnúpverja og Skeiða, annars 7.500 kr/dag

Ætlast er til að tæki komi hrein úr útleigu. Ef misbrestur verður á því áskilur Búnaðarfélagið sér rétt til að taka sérstakt gjald fyrir þríf, en það er **15.000 kr**. Skemmdir á tækjum vegna vítaverðs gáleysis greiðast af leigutaka !!

Bent skal á að mögulegt er að fá tæki hjá Búnaðarfélagi Skeiðamanna ef öll tæki Búnaðarfélags Gnúpverja eru upptekin.

Ath. Þegar tækjum er skilað er gott að senda Einari Guðnasyni sms með tímafjölda á tækjum.

Gsm. 848-1619
Sumarkveðja.
Búnaðarfélag Gnúpverja





Miðvikudaginn 22. apríl síðast liðinn, á Degi jarðar, fékk leikskólinn Leikholt Grænán afhentan við hátíðlega athöfn á árshátíð leikskólans. Um afhendinguna sáu fulltrúar Landverndar, Ólöf og Caitlin, og kom það í hlut umhverfisnefndar Leikholts ásamt verkefnisstjóra, Sigríðar Bjarkar Marinósdóttur, að taka við viðurkenningunni og fánanum. Leikskólinn Leikholt hefur verið umhverfisvænn leikskóli frá því árið 2001 og er þetta í annað sinn sem Leikholt fær Grænán afhentan.



En áður en Grænáninn er afhentur sækja skólar um að fá að verða „Skóli á grænni grein“. En „Skóli á grænni grein“ er alþjóðlegt verkefni til þess að auka umhverfismennt og styrkja menntun til sjálfbærni í skólum. Þegar skólar hafa stigið skrefin sjö fá þeir loks að flagga Grænánanum til tveggja ára. Að tveimur árum liðnum geta skólar svo sótt um endurnýjun.

Grænáninn er umhverfisviðurkenning sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákni um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Skrefin sjö eru ákveðin verkefni sem efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Grænánaverkefninu á Íslandi er stýrt af Landvernd sem er aðili að alþjóðlegu samtökum sem heita FEE, eða Foundation for Environmental Education. Grænáninn er alþjóðleg viðurkenning Skóla á grænni



grein sem nemendur og starfsfólk fá fyrir að leggja sitt af mörkum til þess að efla og bæta umhverfismál innan skólans og í nærsamfélaginu. Einnig fyrir góða frammi- stöðu í menntun til sjálfbærrar þróunar. Bestu kveðjur úr Leikholti.



Norska Tøltrider eru gæðareiðtygi á toppverði sem við höfum bæði notað sjálf og verið mjög vel tekið í búðinni hjá okkur í Svipjóð. Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider, Bikar, Glampi og virkislausu eru allir hjá okkur á Íslandi á góðu verði.



Meiri upplýsingar á www.tolt.nu/island
eða sími 892 8452 Sigfus

Sigfus & Josefíne
Vestra-Geldingaholt



Sumarstörf laus til umsóknar í Neslaug og Skeiðalaug 2015



Ef einhvern langar að fá sér smá aukavinnu við
sundlaugar sveitarfélagsins nú í sumar
hafið þá samband Eypór í síma 897-1112

Að mestum hluta eru þetta hlutastörf um helgar
en gæti einnig hentað aðra daga. ☺



ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

Smiðjustíg 6a, Sími: 486-1866

OPNUNARTÍMI

OPIÐ 10 -17 virka daga 👉 11- 13 laugardaga.

EIMSKIP

Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSkip

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum: 892-2370 - Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju.

Starfsfólk Flúðaleiðar

Velferðarþjónusta Árneshvíls í Laugarási S. 480-1180 Fax: 480-1181

www.laugaras.is Félagsmálastjóri: *María Kristjánsdóttir.*

Félagsráðgjafi með aðsetur í Laugarási *Sigurjón Árnason.* 884-1180

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting –

Vaxmeðferðir - Litun og pökkun.



**Tímapantanir í
síma: 856-1599**

Skellum okkur í sund í Neslaug á morgnana!

Heilsumorgnar í **Neslaug** sem verður opin alla miðvikudagsmorgna í maí og við höldum áfram þann 13., 20. og 27. maí

kl. 07:00—08:00 - Hressing innifalin.

Nú er orðið albjart á morgnana, nýr heitur pottur á næsta leyti og svo fer að hlýna og þá verður þetta fullkomið. Sjáumst. ☺

Með sumarkveðju

Eypór.

Verkstjóri við Vinnuskólann

Skeiða- og Gnúpverjahreppur starfsrækir Vinnuskóla í sumar fyrir ungmenni fædd árin 2000– og 2001 og óskar eftir að ráða verkstjóra við hann. Um er að ræða starf frá kl. 08—14:00 mánudaga –fimmtudaga frá 8. júní til 31. júlí.

Viðkomandi þarf að hafa bílpróf og leggja fram sakavottorð auk þess að að vera góður í mannlegum og samskiptum og hafa áhuga og dug til þess að sinna stjórnun og útivinnu með ungmennum. Áhugavert verkefni fyrir jákvæðan einstakling

Umsóknarfrestur til 20. maí n.k.

Frekari upplýsingar hjá sveitarstjóra í síma 486-6100.

SKINN OG SKART.

Í maí verða eyrnalokkar í öndvegi. Einnig ýmsar gerðir af perlum og náttúrusteinum, bæði með eða án minkaskinns. Gjafir fyrir öll tækifæri. Einnig fermingargjafir.

Hafið samband í síma 4866047


eða 8986047.

Katrín í Ásaskóla.



Á bak við eldavélina!

Nú er það hún Lína á Votumýri, Sigurlín Grímsdóttir, sem leggur til uppskriftirnar handa okkur.



Hægelduð, brostin von í ofni!

Oft bregðast vonir manns og þegar vel ættaða kvígan er kálflaus er fátt betra við hana að gera, en að matreiða hana!

Aðferð.

Góður vöðvi skorinn í 1 cm þykkar sneiðar sem eru barðar með buffhamri. (Bara létt, því kvígan er steindauð og ekki lengur hægt að berja vitið í hana.) Síðan er einn bolli af hveiti, salt, pipar og hvítlauksduft eftir smekk sett í plastpoka og kjötsneiðunum velt í pokanum þangað til kjötið er hveitihúðað.



Hver sneið, fyrir sig, tekin upp úr pokanum og hrist, svo lausa hveitið fari af. Sett í eldfast mót, smjör sett yfir, lok á og inn í ofn.

Eldað (bakað) á 150°C í 1 klst.

Eða 100°C í 2 tíma, bara eftir tíma og ástæðum.



Bernaisesósa með, brúnaður laukur — og mikið af honum! sulta, laufblöð, æ, eða eitthvað salat, soðnar kartöflur og bakaðar baunir er mjög gott með þessu.

Eftirmál

Royal karamellubúðingur með þeyttum rjóma og súkkulaðispæni yfir klikkar ekki!




Mig langar að skora á góða nágrannakonun mína, hana Ingu Birnu Ingólfssdóttur á Hlemmiskeiði 3, að koma með eitthvað hressilegt og gott í næsta Fréttabréf.

Bestu kveðjur.
Lína.



Skólabyggingar

Tengsl hönnunar og kennsluhátta



Boðið er til ráðstefnu um tengsl hönnunar skólabygginga og kennsluhátta **21. maí 2015 kl. 12.30 – 17.00**, í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ.

Ráðstefnan er m.a. ætluð skólafólki, hönnuðum og sveitarstjórnarmönnum. Markmiðið er að leiða saman ólíka aðila í umræðu um hönnun skólabygginga sem kjöraðstæður fyrir nám.

Dagskrá:

Setning og inngangur: **Þróun grunnskólabygginga á Íslandi með hliðsjón af menntastefnu og kennsluháttum.** Anna Kristín Sigurðardóttir, menntunarfræðingur og kennari.

Collaborative re-design: working with school communities to understand and improve their learning environments. Dr. Pamela Woolner, menntunarfræðingur og kennari við Háskólann í Newcastle.

Viðhorf nemenda Krikaskóla. Ágústa Óladóttir, aðstoðarskólalastjóri.

Kaffihlé

Learning spaces: Construction and transformation of the secondary school in Portugal. Dr. Gonçalo Canto Moniz arkitekt og kennari við hönnunardeild Háskólans í Portó, Portugal.

Hljóðvistarhönnun í skólabyggingum. Aðalheiður Atladóttir og Falk Krüger arkitekta.

Málstofur (þátttakendur velja eina málstofu)

1. **Frá hugmynd til veruleika – áherslur, hönnun og kennsluhættir Ingunnarskóla.** Sigurður Björgúlfsson arkitekt FAÍ og Guðlaug Erla Gunnarsdóttir skólalastjóri.
2. **Vistvænar skólabyggingar.** Anna Sigríður Jóhannsdóttir arkitekt FAÍ.
3. **Góður staður til að læra. Hvað segja nemendur í leik- grunn og framhaldsskólum um umhverfið?** Ágústa Óladóttir aðstoðarskólalastjóri, Árný Inga Pálsdóttir skólalastjóri og Sigrún Harpa Magnúsdóttir kennari.
4. **Í upphafi skyldi endinn skoða – val hönnuða og hönnunarferli skóla.** Helgi Grímsson skólalastjóri og Þorbergur Karlsson byggingaverkfræðingur.
5. **Hvert er óskaumhverfi fyrir fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti?** Ingvar Sigurgeirsson prófessor.

Skoðunarferð um skólann í fylgd Guðbjargar Aðalbergardóttur skólameistara.

Ráðstefnuslit og léttar veitingar.

Ráðstefnustjóri: Gerður G. Óskarsdóttir.

Ráðstefnan er öllum opin og ráðstefnugjald er 8000 kr.

Skráning hér: <https://ugla.hi.is/K2/eydublad.php?sid=135&fid=6998>

Nánari upplýsingar um ráðstefnu hér: http://menntavisindastofnun.hi.is/throun_skolastarfs/skolabyggingar



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ



ARKITEKTAFÉLAG
ÍSLANDS



KENNASAMBAND
ÍSLANDS



SAMBAND ÍSLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

13. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi miðviku- daginn 22. apríl 2015 kl. 20:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Meike Witt, Halla Sigríðar Bjarnadóttir og Gunnar Örn Marteinsson. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Svo reyndist ekki vera.

Dagskrá:

Mál til umræðu og umfjöllunar

1. Ársreikningur Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2014. Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi sveitarfélagsins mætti til funda. Hann fór yfir helstu stað reyndir ársreikningsins. Heildartekjur A hluta nema 494,0 mkr. Áætlun gerði ráð fyrir 460,8 mkr. Þar af voru útsvör og fasteignaskattur 368,7 mkr.

Rekstrargjöld utan fjármagnsliða námu 487,1 mkr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er jákvæð um 6,9 mkr. Rekstrarniðurstaða eftir fjármagnsliði eru 10,8 mkr. Heildartekjur A og B hluta 506,4 mkr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um 8,6 mkr. fyrir fjármagnsliði.

Eftir fjármagnsliði 5,4 mkr. Handbært fé í árslok 31,1 mkr. Samkvæmt efna hagsreikningi nemur bókfært virði fastafjármuna A og B hluta 557,1 mkr og virði veltufjármuna 77,6 mkr heildar eignir samtals 699,4 mkr. Heildarskuldir 152,0 mkr.

Af helstu lykiltölum má nefna að skuldahlutfall (skuldir/rekstrartekjur) 30% er Veltufjárhlutfall er 0,77. Eiginfjárhlutfall í lok árs 2014 er 78 % á móti 82 % árið 2013.

Útsvarstekjur í hlutfalli við rekstrartekjur eru 39,7 %. Skatttekjur á íbúa eru 803 þkr. á móti 754 þkr. árið áður. Nokkur umræða varð um ársreikninginn og var samþykkt að vísa honum til síðari umræðu.

2. Fyrirspurn frá Gunnari Erni Marteinssyni. Gunnar sendi eftirgreint erindi til oddvita. Undirritaður óskar eftir því að oddviti upplýsi hvort sveitarfélagið hafi verið með yfirdrátt í viðskiptabanka sínum árið 2014 og það sem af er árinu 2015, reynist svo vera óska ég eftir að sveitarstjórn verði upplýst um hvaða upp hæðir hefur þar verið um að ræða, þá er farið fram á að gerð verði grein fyrir því hvenær sveitarstjórn samþykkti yfirdráttarheimild. Að lokum er óskað eftir að sveitarstjórn verði gerð grein fyrir því hver eða hverjir tóku ákvörðun um að stofna yfirdrátt í viðskiptabanka sveitarfélagsins án heimildar sveitarstjórnar. Farið er fram á að oddviti svari fyrirspurninni skriflega.

Meðfylgjandi greinargerð. Undirritaður hefur talsvert velt því fyrir sér miðað við reynslu sína af rekstri sveitarfélagsins hvernig reksturinn sé fjármagnaður hluta úr árinu miðað við hvernig virðist vera staðið að rekstrinum um þessar mundir, af þeim sökum fór undirritaður þess á leit við endurskoðanda sveitarfélagsins að vera upplýstur um hvort sveitarfélagið væri með yfirdrátt í sínum viðskiptabanka og var ég upplýstur um að svo væri en mér vitanlega var ekki til nein samþykkt til í sveitarstjórn í þá veruna, en að mínu áliti er slíkt ekki í samræmi við 58.gr sveitarstjórnarlaga. Gunnar Örn Marteinnsson.

Oddviti upplýsti eftirfarandi: Sveitarfélagið var með yfirdrátt í viðskiptabanka sínum árið 2014 og er 2015. Sundurliðun: 10 feb. til 1. mars 2014 5 mkr. 01.mars – 15. mars 2014 15 mkr. 15.mars – 31. mars 2014 25. mkr 1. apríl – 01.júní 2014 10 mkr 10. feb 2015 - 01 júní 2015 25 mkr. Ekki var óskað eftir samþykki sveitarstjórnar. Sveitarstjóri tók ákvörðun um að stofna til yfirdráttar. Að öðru leyti vísast í endurskoðunarskýrslu KPMG. Oddviti lagði til að núverandi yfirdráttarlán 25 mkr til 1 júní 2015 yrði samþykkt af sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða.

3. Samningur við Landsvirkjun um svæði til landgræðslu við Bjarnarlón. Vísast til fyrri umfjallana. Lagt var fram erindi undirritað af Jóni Ingimarssyni deildarstjóra umhverfiseildar Landsvirkjunar um drög að samningi um landgræðsluskógrækt við Bjarnarlón. 125 hektarar að stærð. Með erindinu fylgdi kort með hnitsetningu umrædds lands. Framlögð samningsdrög samþykkt samhljóða.
4. Umsókn til Atvinnuefingarsjóðs Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Lögð var fram umsókn Jóhannesar Hlyns Sigurðssonar á Ásólfssstöðum um styrk úr sjóðnum til rafvæðingar tjaldsvæðis í Sandártungu í Þjórsárdal. Samþykkt var að áður en til ákvörðunar um úthlutun kemur verði farið fram á faglegt álit atvinnuráðgjafa SASS um verkefnið auk annarra tilheyrandi gagna samkvæmt úthlutunarreglum um sjóðinn.

Mál til kynningar:

- A. Virkjun hæfileikana
- B. Kennsluafsláttur bréf frá Sambandi
- C. Samband svf 827. Fundargerð
- D. Bréf frá Stef. Varðar sviðverk um tónlist.
- E. Fundargerð og ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga.



Fundi slitið kl 22:05.

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 6. maí kl 14:00.

Fögnum

fjölbreytileikanum Blár dagur

Blár apríl er árlegt vit-undaráttak Styrktarfélags barna með einhverfu. Blár er alþjóðlegur litur einhverfu. Rétt eins og blæbrigði litarins eru birtingarmyndir

einhverfu óteljandi því hver einstaklingur hefur sinn stað **á rófinu !!** með öllum þeim áskorunum sem fylgja einhverfu. Við í Þjórsárskóla tókum þátt í átakinu og allir mættu í einhverju bláu föstudaginn 10. apríl.

Búrfell og Þjóðveldisbær

Þriðjudaginn 14. apríl fóru nemendur og kennarar Þjórsárskóla að skoða orkusýninguna í Búrfelli og einnig skoðuðum við Þjóðveldisbæinn utan frá. Guðni Árnason tók á móti okkur í Búrfelli og sagði okkur frá og sýndi okkur ýmislegt forvitnilegt í tengslum við orku og notkun hennar. Eldri nemendur gengu síðan að Þjóðveldisbænum og þeir yngri gengu þaðan. Ferðin var í alla stað vel heppnuð og er heim var komið snæddum við dýrindis saltkjöt sem Stína kokkur eldaði af sinni alkunnu snilld.

Útikennsla – Skógarferð

Miðvikudaginn 22. apríl fórum við í útinám inn í skóginn okkar. Þar var unnið á stöðvum að ýmsum verkefnum t.d. voru leiknir leikþættir, sagðar voru sögur og búin voru til

skýli úr trjágreinum. Eldri hópurinn fékk fræðslu og fræddi aðra um mun á húsum á landnámsöld og í nútímanum. Þá leitaðu sér að hentugu byggingarstæði fyrir hús, skipu- lögðu og byrjuðu að byggja.



Sumardagurinn fyrsti – Ólafsvallakirkja

Á sumardaginn fyrsta hittist barnakórinn í skólanum í Ólafsvallakirkju þar sem þrúðbúin börn sungu saman falleg lög undir stjórn Helgu Kolbeins.




Mystery skype - leyndardóms-hittingur

Í ensku í 7. bekk höfum við farið þrisvar í Mystery skype en í því felst í að tveir kennarar mæla sér mót með bekkina sína. Leyndardóms-hlutinn felst í því að nemendurnir vita ekki hvar í heiminum hinn bekkurinn er og felst „hittingurinn“ í því að finna út í hvaða landi eða borg viðkomandi

bekkur er. Í undirbúningnum að „hittingunum“ útþúa nemendur spurningar til að spyrja hinn bekkinn með það að markmiði að komast að því hvar í heiminum hinir eru.

Við hittumst síðan á Skype, komumst að því hvar hinn bekkurinn er og ef tími er fyrir það þá spyrja nemendur spurninga um það sem þá langar að vita.



Við höfum talað við nemendur í Portúgal, Texas fylki í Bandaríkjunum og einnig Flórída fylki í Bandaríkjunum. Þetta er virkilega skemmtilegt og fræðandi og nemendurnir ánægðir með verkefnið. Verkefnið gefur nemendum tækifæri á að læra ný ensk orð, þjálfra talað mál og hlustun og síðan er auðvitað heilmikil landafræði í þessu öllu. Bestu kveðjur, Hilja.

Íslenski fáninn í öndvegi

2. bekkur fékk á dögnum íslenska fánann gefins frá Skátunum. Einnig fengu þau bækling sem fræðir jafnt börn sem fullorðna um fánareglur, meðferð og notkun fánans ásamt sögu hans. Íslenski þjóðfáninn er sameiningartákn okkar Íslendinga og því mikilvægt að börnin kynnist merkingu hans, þeim hefðum sem eru í kringum fánann og læri um leið að virða hann. Hér voru börnin afskaplega sæl með gjöfina og þökkum við kærlega fyrir okkur! Bestu kveðjur, Hilja.



Við í 5. og 6. bekk höfum verið að vinna með landnám Íslands. Við höfum verið að lesa okkur til um líf og störf fólks áður fyrr. Við skoðuðum m.a. Sögualdarbæinn í Þjórsárdal utan frá. Hluti af námi okkar tengdist útinámi og fór um við út og gerðumst fornleifafræðingar. Við vorum með teskeiðar og grófum upp hluti með teskeiðunum. Við fundum ýmislegt eins og töng, tommustokk, plast og margt fleira. Við erum að vinna við að aldursgreina hlutina. Einnig sáum við mismunandi öskulög við uppgröftinn.

Við höfum líka kynnt okkur rúnaletur og kunnum að skrifa nafnið okkar með rúnalettri. Bestu kveðjur frá verðandi fornleifafræðingum 5. og 6. bekkjar Þjórsárskóla.

Kveðjur úr skólanum
Kristín og Bolette.

Ljósleiðarinn!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókhaldi Fjarskiptafélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Hafið samband við þá. skj@internet.is - Sigvaldi og nonniasum@gmail.com - Jón

Afréttakort, af afréttum Gnúpverja, Flóa, Skeiða og Hruna-
manna eykur öryggi og er ódýrt, aðeins **kr 500,-**
Þjórsárdalsmyndin er einnig til eftir Ara Trausta og Valdimar
Leifsson. Kr. 1.500,- Til sölu á skrifstofunni í Árnesi



Menn og Málefni!



Kristíne Zinko og Kristap Sudrabs Bugðugerði 7a, Árnesi eignuðust dóttur þann 24. apríl sem vó 3830 gr. og 52 cm. Hún var jafnframt 26. barnið sem fæddist á árinu á fæðingardeildinni á Selfossi Litla stúlkan hefur fengið nafnið Eliza Sudraba og hún á eldri systur Tinu sem er rúmlega tveggja og hálfis árs og er í leikskólanum hér í sveitinni. Við óskum fjölskyldunni innilega til hamingju litlu stúlkuna.



Matthildur María Guðmundsdóttir, Sandlækjarkoti lýkur framhaldsprófi í pianóleik frá Tónlistarskóla Árnesinga með opinberum tónleikum þann 11. maí í sal Tónlistarskólans, Eyravegi 9, kl.20:00. Kennari hennar er Miklós Dalmay. En Matthildur María er auk þess vélaverkfræðingur, hún lauk B.Sc. gráðu frá Háskóla Íslands 2012 í faginu og M.Sc. gráðu vorið 2014 frá sama skóla. Við óskum Matthildi Maríu hjartanlega til hamingju með þessa áfanga í lífi sínu.



Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.

Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.



Sárabót –fyrir alla– í nýjum umbúðum!

Nú er sárabót komin í nýjar umbúðir. Ný lína fyrir menn og önnur fyrir skepnur. Einnig komin á markað leðurfeiti úr minkafitu, góð fyrir hnakka og skó. Höfum þessa góðu vöru til sölu. **Katrín og Stefán, Ásaskóla. S: 4866047- 8986047-8658776.**



Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja er

Munið eftir því ☺

802

Hæ krakkar!

Við kláruðum Uppsveitadeild Æskunnar þann 10. maí og við óskum öllum duglegum knöpum til hamingju með þennan frábæran árangur! Við í Hestamannafélaginu Smára þurfum ekki að kviða framtíðinni þegar unga kynslóðin tekur við – þetta sannaðist svo vel á liðnum vikum þegar börn og unglingar spreyttu sig á að taka þátt í Uppsveitadeild Æskunnar og Firmakeppninni.

Hafið bestu þakkir fyrir yndislega afmælistýningu í tilefni 70 ára afmælis Smára!

Nú horfum áfram við á næstu viðburði eins og **Hestheimaferðin 29.-31.maí og Brokk og Skokk 21. júní.**

Endilega takið þessa dagsetningar frá!

Dagskrá: HESTHEIMAFERÐAR 29.-31. maí með Logakrökkunum **Föstudagur 29.maí**

16:00-17:00 Mæting í Hestheimum, farið með dótið upp á loft og hestunum komið fyrir.

17:15 Hittingur í reiðhöllinni og nokkrir leikir (án hesta) til að hrista hópinn saman.

18:00 Keppni í förðun/hárgreiðslu hestanna (við sköffum allt sem þarf)

18:30 Tökum hring í reiðhöllinni þar sem allir sýna og kynna hestana sína. Kjósum flottustu hestahárgreiðsluna og afhendum verðlaun.

19:00 Kvöldmatur og kvölddagskrá: Spilakvöld og Hestaspurningaleikur "Hestaquizz"

Laugardagur:

9:00 Morgunmatur

10:00-12:00 Hópur A/Hópur B/Hópur C

Reiðkennsla 40 mín/Bókleg kennsla 40 mín/útreiðatúr 40 mín hópar skiptast á)

12:00 Hádegismatur

12:-14:00 Frír tími

14:00 -16:00 Hópur A/Hópur B/Hópur C

Reiðkennsla 40 mín/Bókleg kennsla 40 mín/útreiðatúr 40 mín (hópar skiptast á)

16:00 Kaffi

17:-18:00 Þrifa og bera á reiðtygji (við leggjum til efni, tuskur, svampa)

18:-19:00 Frír tími

19:00 Kvöldmatur

20:00-22:00 Kvölddagskrá - Krakkarnir hanna hestasýningu fyrir næsta dag þegar foreldrar koma og sækja. Þau skipuleggja reiðleiðir í höllinni, velja tónlist o.s.frv.

Sunnudagur:

kl. 9:30 Morgunmatur

10-11:00 Sameiginlegur útreiðatúr

12:00 Hádegismatur

13:00 Æfing á hestasýningu.

15:00 Foreldrar koma og horfa á sýninguna og sækja krakka og hesta.

Verð á mann: 15.800 kr
(aukalega 1.500 kr fyrir þá sem vilja fá hest lánaðan).

Aldurstakmark: 10 ára og eldri

Skráning: smarakrakkar@gmail.com með nafn og kennitölu.
Endilega takið fram ef þið viljið fá lánaðan hest frá Hestheimum.
Bestu kveðjur frá Æskulýðsnefndinni.

Vorfundur Kvenfélags Skeiðahrepps

verður haldinn miðvikudagskvöldið 27. maí á Eyrarbakka. Á Bakkanum munum við snæða kvöldverð og upplifa andblæ liðins tíma með ýmsum hætti. Nánari dagskrá og tímasetningar verða auglýstar síðar. Með vorkveðju, stjórinn



**Vetraropnun er frá 11—21
alla daga vikunnar.**

LAUGARVATN
fontana
Heilsulind frá landnámi

11. júní - 23. ágúst 2015 - Opið daglega frá kl. 10:00 - 23:00

24. ágúst 2015 vetraropnun - Opið daglega frá kl. 11:00 - 21:00

Krafturinn úr náttúrunni hjálpar þér að ná jafnvægi!



<http://www.fontana.is>

14. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnosi miðvikudaginn 06. maí 2015 kl. 14:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Gunnar Örn Marteinsson, Halla Sigríðar Bjarnadóttir, Meike Witt og Anna Þórný Sigfúsdóttir er sat fundinn sem varamaður Einars Bjarnasonar er boðaði forföll. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Svo reyndist ekki vera.

Dagskrá:

Mál til umræðu og umfjöllunar

1. Ársreikningur Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2014. Síðari umræða.
2. Gerðar voru breytingar á einstökum efnahagsliðum, en engar breytingar gerðar á-
rekstrarreikningi.
Gunnar Örn Marteinsson og Halla S Bjarnadóttir lögðu fram svohljóðandi bókun:
Niðurstaða ársreiknings sveitarfélagsins sýnir veruleg frávik frá fjárhagsáætlun og
ljóst að hagræða verður í rekstri sveitarfélagsins ef eitthvað fé á að vera til ráð-
stöfunar í uppbyggingu á næstu árum. Sveitarfélagið hefur ágætis tekjur og skuldar
lítið og ætti því að vera vel í stakk búið til að ráðast í mörg áhugaverð verkefni á
næstu árum, það er hinsvegar ekki möguleiki ef ekki verður hagrætt í rekstri og
fastar haldið um hlutina. Ársreikningur samþykktur samhljóða. Lögð var fram
endurskoðunarskýrsla samhlíða fyrri og seinni umræðu um ársreikninginn.
3. Fjárhagsáætlun viðaukar. Sveitarstjóri lagði fram og kynnti drög að viðaukum við
fjárhagsáætlun fyrir árið 2015. Sveitarstjóri lagði til að viðaukar yrðu teknir til af
greiðslu á næsta fundi sveitarstjórnar.
Yfirdráttarlán. Sveitarstjóri lagði fram erindi þar sem óskað er eftir að sveitarstjórn
heimili yfirdráttarlán á veltureikningi sveitarfélagsins allt að 45 mkr til 3 júní næst
komandi. Samþykkt samhljóða.
4. Bréf eigenda Stóra-Núps, varðar málskostnað.
Fram var lagt á 12. fundi sveitarstjórnar 01.04.2015 erindi frá Lex lögmönnum fyrir
hönd eigenda og ábúenda Stóra-Núps um greiðslu sveitarfélagsins á áföllnum lög
fræðikostnaði vegna málareksturs er varðar deiliskipulagstillögu að minkabúi að
Ásum. Fram var lagt minnisblað frá Torfa Sigurðssyni hrl. vegna málsins. Eftirfar
andi bókun var lögð fram. Erindi Lex frá lögmannsstofu fyrir hönd eigenda og

ábúenda Stóra-Núps um greiðslu áfallins lögfræðikostnaðar vegna ágreinings um samþykkt sveitarstjórnar á deiliskipulagi fyrir minkahús að Ásum er hafnað. Samþykkt samhljóða.

5. Skólaakstur, útboðsgögn. Útboðsgögn lögð fram. Samþykkt var samhljóða að bjóða út akstursleið að Laxárdal og að ræða um samninga við núverandi bílstjóra á öðrum leiðum um akstur skólabarna.
6. Sorphirðumál. Lagt var fram minnisblað frá Berki Brynjarssyni hjá Tækni- og Væðingarsveitu um mögulegt sameiginlegt útboð á sorphirðu í Uppsveitum og Flóa. Í minnisblaðinu er getið um þrjá kosti í þeim efnum. Sveitarstjóra falið að vinna áfram fyrir hönd sveitarfélagsins að samstarfi sveitarfélaganna í Uppsveitum og Flóa.
7. Nafn sveitarfélagsins. Umfjöllun um framgang íbúakönnunar um breytingar á nafni sveitarfélagsins. Samþykkt að fresta afgreiðslu málsins og sveitarstjóra falið að kanna möguleika á rafrænni kosningu og nánari útfærslu kosningar ef til kemur.
8. Beiðni um umsögn um rekstrarleyfi. South Central sf. Lögð fram beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um rekstraleyfi fyrir South Central sf, kt. 65013-0910. Með vísan til laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Lögð var fram teikning af tilheyrandi húsnæði. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti framlagt rekstrarleyfi

Fundargerðir

9. Fundargerð Skipulagsnefndar 88. Fundur 22,23,24, og 25 þarfnast umfjöllunar. Mál 27,29 og 30 til kynningar.

Mál 22. Hraunvellir : Ólafsvellir : Deiliskipulagsbreyting -1503011. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir fyrir sitt leyti að breyting verði gerð á deiliskipulagi svæðisins í samræmi við fyrirbyggjandi erindi með fyrirvara um að í skilmálum komi fram sambærilegar kröfur til byggingar á svæðinu vegna flóðahættu. Sveitarstjórn samþykkir breytinguna samkv 2. Mgr. 43 gr skipulagslaga. Nr 123/2010.

Mál 23. Sandlækjarkot 2 179080 : Vélageymsla –hænsnahús. Fyrirspurn 150 1078 Óskað er eftir að vélageymslu á jörðinni verði breytt að nýju í hænsnahús. Sveitarstjórn samþykkir að framkvæmdin verði sett í grenndarkynningu og felur Skipulagsfulltrúa að annast hana.

Mál 24. Hraunhólar –Skaftholt. Stækkun íbúðasvæðis sunnan Árness: Aðalskipulag 1504015. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir umrædda aðalskipulagsbreytingu samkvæmt 2, mgr. 36 Gr Skipulagslaga. Nr, 123/2010.

Mál 25. Hraunhólar – Skaftholt. Íbúða- og frístundalóðir: Deiliskipulag -1504014. Lögð fram deiliskipulagstillaga sem felur í sér þrjár afmarkaðar íbúðarhúsalóðir austan við núverandi íbúðarhús auk þriggja lóða undir frístundahús. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir að deiliskipu lagið verði auglýst samkv. 1. Málsgr. 41 gr. skipulagslaga nr 123/2010 samhliða breytingu á aðalskipulagi svæðisins.

10. Aðalfundur Byggðasamlags Skip og Bygg. Fundargerð frá 22 apríl lögð fram og kynnt. Í fundargerð kemur fram að samþykktar voru breytingar á 9.gr. , 10.gr. og 12. gr. samþykkt. Sveitarstjórn staðfestir ofangreindar breytingar samþykkt.
11. Fundargerðir Skólanefndar Grunnskóla og leikskólamál frá 21.04.15 og Erindisbréf Skólanefndar. Uppfært erindisbréf skólanefndar lagt fram og samþykkt samhljóða. Lagðar voru fram fundargerðir Skólanefndar. Fundargerð nr. 10 um leikskólamál. Fundargerð staðfest. Sveitarstjórn tekur undir hamingjuóskir til leikskólans með Grænfánann. Fundargerð nr. 10 um grunnskólamál. Fundargerð staðfest.
12. Fundargerð fræðslunefndar Flúðaskóla frá 28.04.15. Fundargerð lögð fram og kynnt.
13. Fundargerð Menningar- og æskulýðsnefnd. Fundargerð lögð fram og kynnt.
14. Fundargerð NOS 6. Fundur 10.04.2015. Fundargerð staðfest.
15. Fundargerð 5. fundar Umhverfisnefndar 08.04.15. Fundargerð staðfest.
16. Fundargerðir 6. fundar Atvinnu- og samgöngunefndar. Fundargerð staðfest.

Mál til umsagnar.

17. Þingskjal 1177. Umsögn um br. laga um þjóðlendur og ákv marka eignarlanda. Lagt fram og kynnt.

Mál til kynningar:

- A. Umsagnir um Landsskipulagsstefnu.
- B. SÍS Fundargerð nr. 826.
- C. Aldursdreifing Íslenskum sveitarfélögum.
- D. HSK Ársskýrsla.
- E. Heilbrigðisstofnun Su. Fundargerð nr 163.
- F. Fundargerð Fagráðs Tónlistarskóla Árnessýslu.
- G. Landsþing Sambands sveitarfélaga.
- H. Ársfundur Lánasjóðs sveitarfélaga.
- I. Fundarboð Forsætisráðuneyti.
- J. Frumkvöðladagur í Uppsveitum.
- K. Skýrsla um Þýskukennslu.



Fundi slitið kl 17:00.

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 03. júní n.k. kl 14:00



Opinn fundur um stækkun Búrfellsvirkjunar

27. maí 2015 kl. 20:00 í Árnesi

Dagskrá:

Verðmæti til framtíðar – 50 ára afmæli Landsvirkjunar – Hörður Arnarson

Aflstöðvar á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu – Ingvar Hafsteinsson

Búrfell – heimildarmynd um fyrstu aflstöð Landsvirkjunar

Stækkun Búrfellsvirkjunar

– Tilhögun og fyrirætlun með virkjun Albert Guðmundsson

– Landmótun, frágangur og ásjúnd Björk Guðmundsdóttir

Búrfellsvirkjun er elsta virkjun Landsvirkjunar en fyrirtækið fagnar í ár 50 ára afmæli sínu. Farið verður yfir sögu fyrirtækisins á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu ásamt því að áætlanir um stækkun Búrfells verða kynntar.

Landsvirkjun leggur áherslu á opin samskipti við hagsmunaaðila og í tilefni af afmælisári stendur fyrirtækið fyrir fjölda opinna funda um land allt.

Markmið opinna funda Landsvirkjunar er að stuðla að gagnsærri og faglegri umræðu um málefni sem tengjast starfsemi fyrirtækisins.

Sumaropnun sundlauga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 22. maí—23. ágúst 2015.

Neslaug

S: 486-6117

Mánudaga:

14 — 21

Þriðjudaga:

Lokað

Miðvikudaga

14 — 21

Fimmtudaga:

14 — 21

Föstudaga:

14 — 18

Laugardaga:

10 — 18

Sunnudaga:

10 — 18

Skeiðalaug

S: 486 5500

Mánudaga:

Lokað

Þriðjudaga:

14 — 21

Miðvikudaga:

14 — 21

Fimmtudaga:

14 — 21

Föstudaga:

14 — 18

Laugardaga:

10 — 18

Sunnudaga:

10 — 18



Sáðvörulistinn 2015

Yrki	kg/ ha	kg/ sekk	Verð pr/kg án vsk.
Vallarfoxgras			
Vega	25-30	25	738
Grindstad	25-30	25	890
Tuukka	25-30	25	625
Vallarsveifgras			
Sobra	25-30	25	695
Vingull			
Túnvingull Gondolin	25-30	25	580
Hávingull Baraika	25-30	25	998
Grasfræblöndur			
Stólpablanda I Fyrir kýr*	25-30	25	741
Stólpablanda II Fyrir fé og beit**	25-30	25	753
Stólpablanda III Hávingulsblanda***	25-30	25	625
Fjölært rýgresi			
Calibra	25-30	25	495
Sumarrygresi			
Barspectra	25-30	25	420
Bartigra	25-30	25	415
Jivet	25-30	25	420
Vetrarrygresi			
Barmultra	25-30	25	382
Sumarrepja / Vetrarrepja / Fóðurnæpa			
Sumarrepja Pluto	10-18	10	1.050
Vetrarrepja Barcoli	8-10	25	479
Vetrarrepja Akela	8-10	25	415
Fóðurnæpa Samson	1,5	1	930
Grænfóðurhafnar			
Domenic	180-200	50	135
Grey	180-200	400	135
Belgjurtir - Hestabaunir - Ertur - Hvít- og Rauðsmári			
Ertur Javio	200-225	500	160
Hestabaunir Colombo <i>NÝJUNG</i>	180-200	25	190
Hvítsmári Rivandel	5-6	10	1.250
Rauðsmári Suez	5-6	10	1.645
Bygg 6 raða			
Voitto 6 raða	180-200	700/30	129
Aukusti 6 raða	180-200	700/30	129
Filippa 2ja raða	180-200	700	134
Tamtam 2ja raða	180-200	50	119
Vorhveiti			
Vorhveiti Amaretto	180-200	500	138

NÝJUNG HESTABAUNIR



Löng hefð er fyrir ræktun á hestabaunum í heiminum en ásamt linsubaunum og kjúklingabaunum eru hestabaunir taldar mjög auðveldar í ræktun. Hestabaunir gera ekki miklar kröfur til jarðvegsgerðar. Hestabaunir eru köfnunarefnisjurt svipuð og ertur en Landstólpi hefur verið að þróa áfram ræktun á ertum sem grænfóðri um nokkurt skeið með góðum árangri. Norðmenn hafa verið að rækta hestabaunir með vorhveiti sem heilsæði siðastliðin ár og uppskorið sterkju- og próteinríkt fóður. Við höfum fulla trú á að þessi ræktun henti íslenskum aðstæðum.

Vallarfoxgras Tuukka - Vega

Við viljum vekja athygli á vallarfoxgras yrkinu Tuukka sem við höfum verið með á sáðvörulista hjá okkur síðan 2011. En Tuukka ásamt Vegu hefur verið okkar aðalyrki í vallarfoxgrasi í nokkur ár enda bæði kornið einstaklega vel út, bæði hvað varðar vetrarþol, uppskeru og lystugleika.



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Vetraropnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi



Vetraropnun til 21. maí nk.

Neslaug

S: 486-6117

Þriðjudaga

18 — 22

Laugardaga

12 — 18

Að auki er opið alla miðvikudagsmorgna, í Neslaug, í maí kl. 07:00 –08:00. Hressing innifalin!

Skeiðalaug

S: 486 5500

Mánudaga

18 —22

Fimmtudaga

18 —22

Sumaropnun auglýst á bls. 34.

Verðskrá frá 1. maí 2015

Fullorðnir	14 - 69 ára	kr. 600,-
Börn	6 - 13 ára	kr. 300,-
Fullorðnir	10 miða kort	kr. 3.000,-
Börn	10 miða kort	kr. 1.500,-
Sundföt	leiga	kr. 500,-
Handklæði	leiga	kr. 500,-



Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

Frítt fyrir 70 ára og eldri.

Frítt fyrir öryrkja gegn framvísun skírteinis.

Vörur tengdar sundi seldar í afgreiðslum lauganna.

Drykkjarsjálfsali í Skeiðalaug.

Hætt er að selja ofan í laugarnar hálf tíma fyrir lokun

Það er aðeins 10 mínútna akstur á milli lauganna.

Umsjónarmaður
Eypór Brynjólfsson

Neslaug og Skeiðalaug eru á

facebook

Fylgist með þar ☺